



# HRUNAMANNAHREPPUR

36. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

## 23. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 21. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 11:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins og á Teams.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður nr. 3, beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti. Tillagan samþykkt samhljóða.

### ***Fjárhagsleg málefni:***

#### **1. Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2023.**

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2023 vegna byggðasamlaga og samstarfsverkefna.

*Sveitarstjórn samþykkir viðaukann samhljóða.*

#### **2. Ákvörðun um hækkun útsvarsprósentu.**

Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.

*Eftirfarandi tillaga lögð fram.*

*Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, samþykkir sveitarstjórn Hrunamannahrepps að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%. Breytingin hefur ekki áhrif á skattgreiðslur íbúa þar sem Ríkissjóður lækkar álagningu tekjuskatts á móti.*

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

#### **3. Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti**

Lögð fram beiðni um að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að Grund, fastanúmer 220-4003.

*Sveitastjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti að Grund, fastanúmer 220-4003.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11.12